

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnahvoli
Lindargötu
101 Reykjavík
b.t. skrifstofu skattamála

Reykjavík, 14. febrúar 2025

Efni: Umsögn um reglugerð um breytingu á reglugerð um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi, nr. 1106/2015

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar reglugerð um breytingu á reglugerð um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi, nr. 1106/2015, (hér eftir „reglugerðin“) sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda 31. janúar sl. Með reglugerðinni er verið að bregðast við niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 19/2024. Ásamt því eru einnig gerðar breytingar á reglugerðinni með það að markmiði að tryggja betra samræmi í núverandi verklagi ÁTVR.

FA gerir eftirfarandi athugasemdir:

FA fagnar því að ráðuneytið bregðist við dómi Hæstaréttar svo skjótt. 11. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011 veitir ráðherra víðtækt vald til að setja reglugerðir um sölu og dreifingu áfengis. Að mati FA skortir skýran ramma í lögunum sjálfum varðandi vöruval, sölu og dreifingu áfengis. Þetta skapar óvissu um stefnu stjórnvalda í þessum málaflokki og veitir ráðuneytinu of mikið svigrúm til að móta reglur án skýrrar leiðsagnar frá löggjafanum.

Reglugerðin, sem sett er á grundvelli 11. gr., fjallar um ýmsa þætti er varðar vöruval og sölu áfengis, en þar sem lagagrundvöllurinn er of opinn, getur framkvæmdin verið háð pólitískum áherslum hverju sinni. Þetta getur leitt til breytilegrar stefnu eftir því hverjir fara með stjórn landsins og skorts á fyrirsjáanleika fyrir þá aðila sem starfa á markaðnum.

Til að tryggja skýrari stefnumótun og fyrirsjáanleika í löggjöfinni væri æskilegt að 11. gr. verði skýrð betur, t.d. með því að kveða á um meginreglur varðandi vöruval og dreifingu áfengis beint í lögunum, frekar en að eftirláta ráðherra ákvörðunarvaldið alfarið með reglugerð. Þetta myndi stuðla að auknu gagnsæi og minnka hættuna á geðþóttaákvörðunum og breytingum í þessum mikilvæga málaflokki.

Virðingarfyllst,

Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur